



Alþingi  
Erindi nr. P 135/21  
komudagur 26.10.2007

## STOFNUN VILHJÁLMS STEFÁNSSONAR

STEFANSSON ARCTIC INSTITUTE

Akureyri, 25. október 2007

Umhverfisnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn vegna framvarps til fjárlaga fyrir 2008 og greinargerð vegna beiðni um nýtt stöðugildi til eflingar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar á sviði sjálfbærrar efnahagsþróunar, áhrifa loftslagsbreytinga og hnattvæðingar á arktíska svæðinu.**

Ágætu umhverfisnefndarmenn,

Athygli heimsbyggðarinnar beinist í auknum mæli í norðurveg vegna yfirvofandi og örra breytinga í náttúrufari og alþjóðamálum. Breytingarnar kalla á undirbúning og þekkingaröflun sem skiptir okkur Íslendinga miklu máli, ekki síst vegna aukinnar þátttöku í alþjóðasamskiptum sem verður að byggja á bestu vitneskju og ráðgjöf um málefni svæðisins. Ég sendi þetta bréf til umhverfisnefndar í tilefni þess að nú stendur yfir undirbúningur aukafjárlaga fyrir 2008.

Það er brýn þörf að efla þekkingu og þátttöku hérlendis á sviði sjálfbærrar efnahagsþróunar og áhrifa loftslagsbreytinga og hnattvæðingar á arktíska svæðinu. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er vel í stakk búin til að takast á við þetta verkefni og við stofnunina starfa sérfræðingar sem þegar láta að sér kveða á alþjóðavettvangi í þessum málaflokki. Þótt stofnunin sé ekki mannmörg þá hefur hún samt sýnt fram á að hún ræður yfir þekkingu, getu og alþjóðlegu samstarfsneti sem hefur gert stofnuninni kleyft að takast á við mikilvæg, flókin og yfirgripsmikil verkefni og skila þeim af sér með sóma. Þarna vil ég sérstaklega nefna aðkomu stofnunarinnar að Arctic Human Development Report (AHDR) sem var forgangsverkefni í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2002-2004. Það viðamikla verkefni hefur hlotið sérstakt lof og til dæmis má nefna þá miklu viðurkenningu sem felst í því að Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) notar AHDR sem fullgilda svæðisskýrslu með öllum þeim fræðilegu gæðakröfum sem gerðar eru til slíkra verkefna (sjá [http://hdr.undp.org/reports/view\\_reports.cfm?type=2](http://hdr.undp.org/reports/view_reports.cfm?type=2)). Ég leyfi mér að fullyrða að fá verkefni sem íslenskrar stofnanir hafa haft veg og vanda af hafa fengið slíka alþjóðlega viðurkenningu.

Stöðugildi við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar hafa frá upphafi verið 2.5 og haldist óbreytt frá opnun 1998. Stofnunin hefur þrátt fyrir þetta getað haldið úti verulegri

BORGUM VIÐ NORÐURSLÓÐ • 600 AKUREYRI

SÍMI 460 8980 • FAX 460 8989 • [www.svs.is](http://www.svs.is)

starfsemi, ekki síst vegna sértekna sem aflað hefur verið til tímabundinna verkefna, aðallega frá erlendum sjóðum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, Evrópusambandinu, frú Evelyn Stefansson Nef, Ford Foundation, Carnegie Corporation of New York og fleiri aðilum. Slík framlög eru þó ótraustur grunnur og til skamms tíma veittir og duga ekki til að byggja upp varanlegan styrk innan neinnar stofnunar, þótt með þeim megi sýna fram á dugnað og metnað starfsfólks til að halda uppi öflugri starfsemi. Við þessar aðstæður er vægast sagt á brattann að sækja varðandi að laða að og halda í hámenntaða sérfræðinga sem stofnunin þarf á að halda til að standa undir nafni. Vits er þörf og fræðasetur sem Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er hvorki fugl né fiskur án þessa sérhæfða mannauðs.

Nefna má að sértekjur stofnunarinnar sem hlutfall af framlagi á fjárlögum hafa farið upp í um 80% og að meðaltali verið um 40%. Ef sértekjur sem aflað hefur verið eru svo bornar saman við launakostnað kemur svo í ljós að fyrir hverja krónu í launakostnaði hafa starfsmenn aflað annarrar í formi styrkja og fleiri sértekna. Þetta segir sína sögu en ekki er þó síður mikilvægt að hafa í huga að þau fáu stöðugildi sem stofnuninni eru skömmtuð nægja engan veginn til að takast á við þau mörgu, stóru og aðkallandi verkefni sem lúta að norðurslóðamálefnum. Sérstaklega á þetta við um eitt brýnasta úrlausnarefni heimsbyggðarinnar nú mundir sem er hvernig bregðast má við loftslagsbreytingum, en vitað er að þær breytingar eiga sér stað fyrr og hraðar á norðurhvara.

Á sama tíma hefur stöðugildum ekkert fjölgað þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um. Velti ég því fyrir mér hvort stofnunin líði fyrir dugnað við að afla sértekna og að ekki þygi ástæða til að ríkisvaldið auki framlög því stofnunin muni hvort eð er finna lausn sjálf. Í þessu sambandi vil ég einnig taka fram að stofnunin hefur ávallt haldið sig innan setts ramma hvað fjárlög varðar.

Á næsta ári fagnar stofnunin tíu ára afmæli og þykir mér sem nú gefist kærkomið tilefni til að styrkja starfsemi hennar varanlega svo um muni og bæta einu stöðugildi við fjárveitingar til starfseminnar. Hinu nýja stöðugildi verður ekki síst ætlað að efla getu og mannauð stofnunarinnar á sviði hagkerfa norðursins á tímum örra breytinga. Ég vil sérstaklega nefna að við stofnunina starfar nú, í tímabundinni hlutastöðu, Dr Joan Nyman Larsen sem er hagfræðingur að mennt og sérfræðingur á alþjóðlegan mælikvarða í efnahagsmálum og hagkerfum norðurslóða. Hún var verkefnisstjóri Arctic Human Development Report og á stóran heiður af því hve vel tókst til með það verkefni. Sem hluta af eftirfylgni við AHDR, en einnig sem sjálfstætt verkefni, leiðir hún nú stóran hóp fræðimanna í rannsóknaverkefni sem kallast Arctic Social Indicators þar sem markmiðið er að smíða nauðsynlega vísa til að mæla og meta samfélagsþróun og sjálfbærni í samfélögum á norðursvæðum. Verkefnið hefur notið stuðnings frá Norrænu ráðherranefndinni og er einnig viðurkennt sem framlag til Alþjóða heimskaутаársins (IPY). Dr Larsen tekur virkan þátt í fjölda alþjóðlegra verkefna á sínu sérsviði og er eftirsóttur fyrirlesari um málefni sem vísindasamfélagið, almenningur og stjórnvöld veita sífellt meiri athygli.


Töluvert er rætt um mótvægisáðgerðir á landsbyggðinni um þessar mundir. Óþarfi er að tengja beiðni stofnunarinnar við slíkar áðgerðir en vil ég þó benda á að hér gefst tækifæri

til ábatavænlegrar fjárfestingar í mannauði á alþjóðlegan mælikvarða við stofnun sem er staðsett utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt gefst möguleiki til að styrkja það nauðsynlega þekkingarbakland sem við þurfum á að halda til að geta tekið fullgildan þátt í umræðum um framtíð norðursvæða, auðlindanýtingu, efnahagsþróun, áhrif loftslagsbreytinga, orkuöryggi, lífsgæði norðuslóðabúa og annað það sem mikilvægt er framtíð svæðisins. Hér höfum við þegar sýnt frumkvæði og getum notað það forskot þegar leitað er til okkar með vandasöm og viðkvæm mál heimskautslandanna. Árangur okkar á þessu sviði ætti til dæmis að nýtast nú þegar Ísland sækist eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og gangi það eftir er næsta líklegt að Íslendingar geti gegnt veigamiklu hlutverki við að móta umræðuna um norðurslóðir á alþjóðavettvangi.

#### **Kostnaður vegna stöðugildis:**

Stofnunin er í nýju húsnæði sem betur má nýta og ekki þarf að leggja í neinn kostnað aukalega í aðstöðu eða búnað vegna stöðugildisins. Árlegur kostnaður samanstendur af heildarlaunkostnaði kr. 5.700.000, kostnaði vegna ferðalaga (þátttaka í ráðstefnum og fundum, innanlands og erlendis) kr. 700.000, auk hlutdeildar í almennum rekstrarkostnaði kr. 200.000. Alls 6.6 milljónir króna á ári.

Virðingarfyllst,



Níels Einarsson

Forstöðumaður

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar